

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 502/2002 um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Fyrsta málsgrein 3. gr. reglna nr. 502/2002 breytist og verður svohljóðandi:  
Prófað verður úr fimm námskeiðum. Vægi þeirra er ákveðið af deildarfundi að fengnum tillögum námsnefndar. Vægi þeirra er sem hér segir:

Heimspekileg forspjallsvísindi	20%
Félagsfræði	20%
Lífefnafræði	20%
Líffærafræði	20%
Sálarfræði	20%

#### 2. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fenginni tillögu hjúkrunarfræðideildar og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 24. mars 2006.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*